



## Fundargerð

3. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 2. september 2019 í Fjölheimum á Selfossi.

Boðaðir og mættir:

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

- Verkefni sl. mánuði og framundan
- Innri mál
- Önnur mál

Verkefni sl. mánuði og framundan

### Áfangastaðaaætlun - áfangastaðastofur

#### Áfangastaðaaætlun - DMP

Aðgerðaráætlunin er áfram í vinnslu þar sem verið er að tengja við aðrar áætlanir auk þess að draga út einstaka verkefni og áherslur fyrir landshlutann. Verkefnastjórar DMP sóttu vinnustofu um áfangastaðaaætlanir og stofnun áfangastaðastofa í byrjun júlí með Main háskóla, Ferðaklasanum, Ferðamálastofu og fleiri aðilum. Ýmsir fundir voru haldnir á tímabilinu með m.a. Mýrdalshrepp, Umhverfisstofnun, Samgöngunefnd SASS, erlendum gestum í Evrópusamstarfi og Matarauði. Þá tóku fulltrúar MSS þátt í Stefnumótun Íslandsstofu og stefnumótunarfundi vegna nýrrar Sóknaráætlunar Suðurlands.

Verkefnin „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ eru í sínum farvegi. Í tengslum við ferðaleiðaverkefnið vann verkefnastjóri ásamt fulltrúum sveitarfélaganna Ölfus og Árborgar að hugmynd að nýrri leið á svæðinu, Vitaleið. Kötlusetur óskaði eftir aðstoð og

aðkomu MSS að undirbúningi við ferða(göngu)leið í Vík sem er í undirbúningi. Umræða varð um næstu skref og vægi áætlananna.

**Framundan** er áframhaldandi vinna við áfangastaðaáætlun og sérverkefni tengdum henni, s.s. Vitaleiðir, nýtt verkefni um Matarauð Suðurlands og fleiri. Þá er á næstunni fundur með Ferðamálastofu um framgang áfangastaðaáætlunar Suðurlands og einnig kynning í Ásahreppi. Auk þess er verið að fylgja eftir verkefnum með einstaka sveitarfélögum.

### **DMO/áfangastaðastofur**

Framkvæmdastjóri sat fund með Ferðamálastofu ásamt öðrum forstöðumönnum Markaðsstofa landshlutanna í júní um hugmyndir að áfangastaðastofum. Þá var erlendur ráðgjafi að vinna að skýrslu um fordæmi og tillögur að útfærslu hér á landi. Fyrri hluti þeirrar skýrslu var svo birt seinnipart sumars.

**Framundan** er að skoða framhaldið á þessari vinnu en nokkur óvissa ríkir um það. MAS hefur fengið þær upplýsingar að fyrsti viðræðuaðili stjórnvalda inn í landshlutann séu landshlutasamtökin á hverju svæði. Stjórn MSS leggur til að formaður og framkvæmdastjóri óski eftir fundi með stjórn SASS þar sem þessar tvær stjórnir geti rætt hvert landshlutinn vill stefna í þessu máli.

## **Samstarf**

### **Markaðsstofur landshlutanna - MAS**

Tveir fundir forstöðumanna á tímabilinu, maí og júní, og hafði Suðurland umsjón með seinni fundinum. Eins og áður hefur verið minnst á hafa áfangastaðastofur verið til umræðu hjá hópnum, auk haustráðstefnu (haldin 12. sept.), uppfærsla vefs og gagnagrunns, viðburðir og sýningar Íslandsstofu, rannsóknir og töluleg gögn. Þá hafa Markaðsstofur landshlutanna fengið einkaleyfi fyrir notkun á vörumerkinu Mannamót Markaðsstofa landshlutanna.

**Framundan** er næsti MAS fundur forstöðumanna þann 10. september nk. þar sem m.a. verður til umræðu ráðstefnan, samstarfið og fleira. Brátt þarf að fara að huga að samningum við ríkið um áframhaldandi fjármögnun markaðsstofanna en það helst í hendur við umræður um áfangastaðastofur.

Haustráðstefna Markaðsstofa landshlutanna verður haldin 12. september nk. þar sem aðalfyrirlesari dagsins verður Paul Davies, forstöðumaður ferðamálarannsókna hjá markaðsráðgjafafyrirtækinu MINTEL. Kostnaður við ráðstefnuna skiptist á markaðsstofurnar. Áfram er unnið að sameiginlegum verkefnum, s.s. uppfærslum á vef og gagnagrunni auk þess að undirbúningur fyrir Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er að fara af stað.

### **Íslandsstofa**

Mánaðarlegir Skype fundir eru haldnir með Íslandsstofu til að fara yfir stöðu verkefna. Íslandsstofa verður með erindi á haustráðstefnunni. Verkefnastjóri sótti fundi á Inspired by Iceland herferð og Expedia herferð á Bandaríkjamarkað. Reglulega er óskað eftir efni í fréttabréf Íslandsstofu, topp lista auk markaðsáherslna MSS fyrir næsta ár. Þá tók MSS þátt í nýrri stefnumótun fyrir Íslandsstofu. Funda átti með framkvæmdastjóra Íslandsstofu í vor en hann féll niður, formaður ætlar að boða til nýs fundar.

**Framundan** er vinna með Íslandsstofu að nokkrum stórum PR verkefnum, m.a. Disney og tvær sjónvarpsstöðvar. Vinna og senda á Íslandsstofu markaðsáherslur landshlutans fyrir næsta ár, topp 5 lista og fleira tilfallandi.

### **Ferðamálastofa**

Samstarf við Ferðamálastofu um ráðstefnu og er verkefnastjóri um stafræna þróun hjá Ferðamálastofu með erindi. Ferðamálastofa styrkir ráðstefnuna.

**Framundan** er stöðufundur með Ferðamálastofu í október vegna samninga og verkefna.

### **Faghópur/sveitarfélög**

Hópurinn fundaði í Vestmannaeyjum í júní þar rædd voru samstarfsverkefni (t.d. Vestnorden og kynningarferðir), upplýsingum miðlað milli svæða og farið í vettvangsferð. Verkefnastjórar MSS unnu með kortahópum að endurútgáfu, prentun og dreifingu. Ekki hefur náðst endanleg niðurstaða með dreifingu en leysist vonandi á næstu vikum. Einnig var viðburðadagatalið á south.is rætt og hópurinn hvattur til að kynna viðburði þar.

**Framundan** er að endurnýja samninga við þrjú sveitarfélög í haust, Árborg, Flóahrepp og Vestmannaeyjar. Framkvæmdastjóri býður kynningu á starfsemi í tengslum við endurnýjun samninga. Næsti fundur faghóps sveitarfélaganna verður 11. september í Hveragerði þar sem kortamál verða rædd og þá sérstaklega fyrirkomulag prentunar og dreifingar. Einnig verða rædd haust- og vetrarfrí, samvinna um móttöku gesta s.s. blaðamanna og kynningarferða, viðburðadagatal ásamt því að upplýsingum verður miðlað milli svæða og farið í vettvangsferð.

### **SASS**

Unnið var að verkefnum sem eru í gangi svo sem Invest South, umhverfisvænar ferðaleiðir og samræmdur mynda- og textabanki. Ráðinn var verkefnisstjóri til að vinna að myndabankanum, þá sérstaklega að samningagerð, myndasöfnun, umgjörð og miðlunarkerfi. Verkefnastjóri MSS vinnur að verkefninu með starfsmanni. Starfsmenn MSS sóttu ýmsa fundi á tímabilinu, t.d. í ráðgjöf, fund um lánamöguleika Byggðastofnunnar, vorfund ráðgjafa í Vestmannaeyjum og fleiri.

**Framundan** er að vinna áfram í teymum, núverandi verkefnum, að ráðgjöf og fara á ýmsa fundi. Helstu verkefni framundan er vinna við móttöku áhersluverkefna fyrir Sóknaráætlun Suðurlands, ársþing SASS og haustfundur Atvinnuþróunarfélaga á Vestfjörðum.

## **Markaðs – og kynningamál**

### **Vörumerkjahandbók**

Vinnu er lokið við handbókina og hún lögð fram til kynningar. Fundað var með Vert markaðsstofu á tímabilinu ásamt því að fá tillögur og tilboð í kynningarefni sem byggt er að handbókinni.

**Framundan** er að fylgja henni eftir, framkvæma og koma efni inn í allt kynningarefni.

### **Nýtt kynningarefni út frá nýrri ásýnd**

Hanna þarf ýmislegt nýtt kynningarefni út frá vörumerkjahandbók, t.d. nafnspjöld, „roll-up“ fyrir MSS og sýningar, segl fyrir sýningar, borðrenning, penna og/eða annað kynningarefni til

gesta. Lagt er til að gera tímarit fyrir Suðurland til kynningar á landshlutanum t.d. á sýningum. Stjórn samþykkir að farið verði í það.

**Framundan** er að láta prenta og framleiða það kynningarefni sem fara á í fyrir sýningar og vinnustofur haustsins, annað flyst til næsta árs.

### **Kortauitgáfa/prentað efni**

Útlit korta var lagað að hluta í samræmi við nýju vörumerkjahandbókina en verður aðlagað að nýju útliti að fullu á næsta ári. Dreifing korta var aðeins sett á bið í lok sumars og verður endurskoðuð fyrir veturinn. Mikilvægt er að halda góðri en skynsamlegri dreifingu.

**Framundan** er að ákvarða dreifingu fyrir veturinn og undirbúa og gefa út tímarit Suðurlands.

### **Myndbandsverkefni**

Unnið var með efnistöð, undirbúning fyrir tölur og framkvæmd á tímabilinu. Samið var við Tjarnargötuna um framleiðslu þriggja höfuðmyndbanda fyrir svæðið auk 3-5 styttri stikla. Frekari nýting á myndefni og hugmyndavinna tengd Áttavitum í vinnslu með Tjarnargötu.

**Framundan** er eftirvinnsla og birtingaráætlun myndbanda ásamt undirbúningi að næsta myndbandaverkefni og nýtingu á núverandi efni til áframhaldandi efnissköpunar. Unnið áfram að nýju verkefni í tengslum við áttavita.

### **Vefsíða**

Meiri áhersla hefur verið á vefsíðuna á tímabilinu þar sem landshlutabæklingur var ekki gefinn út í ár. Verið að skoða endurskipulagningu innri síðu Markaðsstofunnar og vinna með síðuna í Siteimprove hefur haldið áfram. Viðburðadagatalið fékk aukna umfjöllun og kynningu á tímabilinu. Viðburðahaldarar hvattir til að skrá viðburði þar. Náðist ágætlega upp í sumar, en ekki nægilega til að réttlæta auglýsingar/kynningar á því sérstaklega áfram.

**Framundan** er áframhaldandi vinna í núverandi síðu, bæði á upplýsingasíðu og innri síðu. Þá er verið að vinna að uppfærslu gagnagrunns Ferðamálastofu og öllum vefsíðum Markaðsstofa landshlutanna.

### **Samfélagsmiðlar**

Visit South hluti samfélagsmiðlanna er í höndum Sahara þar sem áhersla er á Facebook og Instagram. Náðst hefur góður árangur miðað við upphæðir í kostun. Pink Iceland tók yfir Instagram reikninginn einn dag í sumar þar sem þau voru mikið á Suðurlandi á Hinsegin dögum.

**Framundan** er að skoða betur að taka miðlana inn til okkar aftur þar sem efnissköpun hefur stórauðist samhliða öðrum verkefnum.

### **PR/Blaðamannafyrirspurnir og -ferðir**

Nokkrar fyrirspurnir og ferðir hafa verið á tímabilinu en reynt er að þjónusta slíkt í lágmarki yfir sumartímenn. Stærsta verkefnið var koma mjaldrasystranna til Vestmannaeyja á vegum Sea Life Trust – Merlin Entertainment í sumar en Fannar fylgdi því eftir sem fulltrúi MSS og Íslandsstofu. Því hefur verið frestað til vors að koma þeim fyrir í Klettsvík. Í byrjun sumars var birt grein á okkar miðlum, héraðsmiðlum og mbl.is fyrir Íslendinga þar sem þeir eru hvattir til að ferðast um Ísland í sumar og „leyfa sér“ að upplifa og njóta líkt og erlendis. Fékk umfjöllun á ýmsum hópum líka á samfélagsmiðlum.

**Framundan** eru nokkrar stórar fyrirspurnir og ferðir í september og inn í október, Disney, tvær sjónvarpsstöðvar (frá Ítalíu og Bandaríkjunum) og NZ í sept/okt. Áhugi á Suðurlandi er stöðugur, höfum einbeitt okkur að því að þjónusta það sem til okkar berst. Framkvæmdastjóri skrifaði grein um stöðu mála í ferðabjónustunni sem birtist í Dagskránni í vikunni.

### **Kynningaferðir (íslenskar FAM)**

Tvær kynningarferðir voru farnar í júní, önnur um Lágsvetitir Árnassýslu og hin á Kirkjubæjarklaustur og nágrenni. Heldur færri sóttu ferðirnar en fyrri ár en í báðum ferðum voru fulltrúar stórra og mikilvægra ferðaskrifstofa. Ferðirnar gengu vel og var ánægja með þær bæði hjá gestum og fyrirtækjum.

**Framundan** er að skoða með Vestmannaeyjum hvort skipuleggja eigi kynningarferð þangað í haust en henni var slegið á frest í vor þar sem afhending Herjólfss dróst.

### **Sýningar**

Undirbúningur búinn að vera í gangi fyrir Vestnorden í Færeyjum og vinnustofu á Spáni.

**Framundan** er Vestnorden í lok september og vinnustofa á Spáni í október. Framkvæmdastjóri leggur til að hún fari í kynningaferð á World Travel Market líkt og í fyrra, sem stjórn samþykkir.

### **Aðildarfyrirtæki - Innra (markaðs)starf**

Ekki hafa mörg fyrirtæki bæst við á tímabilinu en þó nokkur dottið út af ýmsum ástæðum, framkvæmdastjóri fer yfir tölur um aðildarfyrirtæki. Innheimta aðildargjalda hefur gengið vel. Súpufundir haustsins hafa verið í undirbúningi. Fréttir af innra starfi hafa reglulega verið settar á vefsíðuna og facebook og fréttabréf sent á aðila í júní. Lokað var á skrifstofu MSS 13. júlí – 5. ágúst vegna sumarleyfa.

**Framundan** er að bóka fundi með stórum fyrirtækjum og önnur eftirfylgni samkvæmt markmiðum. Áframhaldandi undirbúningur fyrir súpufundi haustsins og áfram verða reglulega sendar út fréttir. Könnun meðal aðila á starfsemi MSS verður gerð á næstu vikum og unnið verður að því að senda út fréttabréf á ensku.

### **Fundur og ráðstefnur**

Ýmsir fundir og ráðstefnur hafa verið sóttir á tímabilinu, s.s. fundur um almannavarnir og skipulagsmál á vegum SASS, fundur ráðherra um stefnumótun og þolmörk, samtalið við ráðherra og Stjórnstöð og fundur með Stjórnstöð og Ferðamálastofu um aðgerðir fyrir haustið.

**Framundan** eru ýmsir fundir og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri og verkefnastjórar skipta eitthvað með sér.

### **Innri mál**

### **Störf stjórnar**

Rætt var um fyrirkomulag funda og erindisbréf sem formaður sendir á stjórn.

**Framundan** er innleiðing á nýju símkerfi í Fjölheimum. Kostnaður til lengri tíma ætti að minnka í kjölfarið, en kaup á búnaði fylgir í upphafi.

## Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri átti starfsmannasamtöl í ágúst og fór yfir það helsta sem þar kom fram. Í undirbúningi hefur verið gerð starfsmannastefnu fyrir Markaðsstofuna sem tekur á helstu málum í starfsmannamálum, launum og launaþróun, endurmenntun og fleiru.

**Framundan** eru örlitlar breytingar á starfsmannamálum sem bregðast þarf við.

Önnur mál

Fleira ekki rætt.